

Samtök fjármálafyrirtækja
b.t. Guðjóns Rúnarssonar framkvæmdastjóra
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2012

Efni: Álitsgerð vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011.

Meðfylgjandi bréfi þessu er álitsgerð LEX um dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, sem unnin var að beiðni Samtaka fjármálafyrirtækja.

Helstu niðurstöður okkar eru eftirfarandi:

Dómurinn fjallar eingöngu um gildi fullnaðarkvittana og skiptir form þeirra engu máli

- Fjármálafyrirtæki geta ekki krafist mismunar á óverðtryggðum Seðlabankavöxtum og samningsvöxtum fyrir tímabil þar sem fullnaðarkvittun eða ígildi hennar liggja fyrir, enda séu aðstæður sambærilegar og lýst er í dóminum:
 1. Góð trú lántaka um fullar efndir.
 2. Önnur matskennd og atviksbundin atriði sem varða lánssamning: Lengd lánssamnings, hlutfall viðbótargreiðslu af upphaflegum höfuðstól, hversu langt er liðið á lánstímann, fjöldi afborgana, hvort lántaki hafi alltaf staðið í fullum skilum o.fl.
 3. Einhliða og staðlaðir skilmálar fjármálafyrirtækja.
- Dómurinn hefur ekkert fordæmisgildi varðandi tilvik þar sem lántaki hefur ekki yfir að ráða fullnaðarkvittun eða ígildi hennar.

Ólögmat gengistryggð lán eiga að bera óverðtryggða Seðlabankavexti frá stofndeggi, enda standi fullnaðarkvittanir því ekki í vegi

- Af dóminum má það eitt ráða að innheimta óverðtryggðra Seðlabankavaxta sé óheimil þegar fullnaðarkvittun liggur fyrir, enda séu aðstæður að öðru leyti sambærilegar og í dómi Hæstaréttar.
- Liggi ekki fyrir fullnaðarkvittun má krefjast óverðtryggðra Seðlabankavaxta afturvirkkt.
- Ef lántaki er í vanskilum með vaxtagreiðslur liggja ekki fyrir fullnaðarkvittanir vegna þeirra gjalddaga sem eru í vanskilum. Því má krefjast óverðtryggðra Seðlabankavaxta afturvirkkt vegna þeirra gjalddaga.

Áhrif skilmálabreytinga ólík eftir því hvort lántaki var í skilum eða ekki

- Hafi skilmálabreytingar verið gerðar á láni án þess að um vanskil hafi verið að ræða og séu fullnaðarkvittanir til staðar samkvæmt breyttum samningi eiga sömu sjónarmið við og lögð voru til grundvallar í dómi Hæstaréttar. Í slíkum tilvikum er fjármálafyrirtæki þannig ekki heimilt að innheimta óverðtryggða Seðlabankavexti afturvirk.
- Hafi skilmálabreyting verið gerð þegar um vanskil var að ræða getur fjármálafyrirtæki að okkar mati innheimt óverðtryggða Seðlabankavexti afturvirk fyrir það tímabil sem lántaki var í vanskilum, þrátt fyrir skilmálabreytingu.

Dómurinn getur haft fordæmisgildi gagnvart smærri lögaðilum

- Dómurinn fjallar ekki um lánsamninga lögaðila en við teljum að atvik kunni að vera sambærileg þegar um smærri lögaðila er að ræða. Stærð og staða lögaðila við samningsgerð hefur þannig að okkar mati þýðingu.

Dómurinn getur haft fordæmisgildi fyrir allar tegundir lánsamninga

- Að okkar mati er óvarlegt að ætla að fordæmisgildi dómsins sé bundið við ákveðna tegund lána, enda er dómurinn byggður á reglu kröfuréttar sem á við um öll samningssambönd.

Lántakar eiga ekki endurkröfurétt vegna vaxtagreiðslna á gengistryggðan höfuðstól

- Við teljum að lántakar sem greiddu samningsvexti af gengistryggðum höfuðstól, og hafa þannig greitt vexti á of háan höfuðstól, eigi almennt ekki endurkröfurétt.
- Þetta byggir á því að Hæstiréttur hefur lagt til grundvallar að ólögmætir gengistryggðir samningar skuli bera óverðtryggða Seðlabankavexti frá stofndeg. Samkvæmt því hefur ofgreiðsla vaxta almennt ekki átt sér stað, enda slíkir vextir í langflestum tilvikum hærri en greiddir vextir.
- Endurgreiðsla kemur því að okkar mati einungis til greina þegar raunveruleg ofgreiðsla hefur átt sér stað, þ.e. að samningsvextir hafa á einstökum vaxtatímabilum verið hærri en óverðtryggðir Seðlabankavextir.

Ef frekari upplýsinga er óskað um einstök atriði sem fram koma í álitsgerðinni munu undirrituð veita nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn E. Jónasson hrl.

Karl Axelsson hrl.

Ásgerður Ragnarsdóttir hdl.